



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Kvennatónleikar

Baráttukonur og brautryðjendur

11. júní 2015





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

**Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.**

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is).

**Áætluð tímalengd verka:**

*Dreymi: 18'*

*Sláttá: 30'*

*Gelíska sínfónían: 43'*

Tónleikarnir eru hluti af dagskrá sem haldin er í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi.

**100 | KOSNINGARÉTTUR  
ÁRA | KVENNA Á ÍSLANDI**

Mynd á kápu: Margrét Árnadóttir, selló og Inga Rós Ingólfssdóttir, selló.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



@icelandsymphony

#sinfó

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

# Kvennatónleikar

Baráttukonur og brautryðjendur

Tónleikar í Eldborg 11. júní 2015 » 19:30

**Ligia Amadio** hljómsveitarstjóri  
**Ástríður Alda Sigurðardóttir** einleikari

**Anna Þorvaldsdóttir**      *Dreymi (2008)*

**Jórunn Viðar**      *Slátta, konsert fyrir píanó og hljómsveit (1977)*  
*Allegro*  
*Andante espressivo*  
*Vivace (Vikivaki)*

Hlé

**Amy Beach**      *Sinfónía í e-moll, op. 32, Gelíska sinfónían (1896)*  
*Allegro con fuoco*  
*Alla siciliana – Allegro vivace – Andante*  
*Lento con molta espressione*  
*Allegro di molto*

## Ligia Amadio

hljómsveitarstjóri



Ligia Amadio hefur fengið lofsamlega dóma fyrir listfengi, persónutöfra og kraftmikla sviðsframkomu. Amadio hefur staðið á stjórnendapallinum í yfir tuttugu ár og verið listrænn stjórnandi og gestastjórnandi margra framúrskarandi hljómsveita. Hún var aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Rio de Janeiro í yfir áratug ásamt því að vera listrænn stjórnandi og aðalhljómsveitarstjóri Fílharmoníusveitar Mendoza í Argentínu. Í dag gegnir Amadio stöðu aðalhljómsveitarstjóra Fílharmoníuhljóm-sveitar Bogotá í Kólumbíu.

Amadio hefur verið gestastjórnandi margra hljómsveita í Evrópu, Asíu og Ameríku og má þar nefna Hollensku útvarpshljómsveitina, fílharmoníusveitina í Tókýó, Fílharmoníusveit Tælands, Sinfóníuhljómsveit São Paulo, Ísraelsku kammersveitina, Sinfóníuhljómsveit Mexíkó og Fílharmoníusveit Buenos Aires. Amadio hefur unnið með mörgum framúrskarandi listamönnum á borð við Mörту Argerich, Shlomo Mintz og Peter Donohoe.

Amadio var fyrst kvenna í þrjátíu ár til að hljóta verðlaun í Alþjóðlegu hljómsveitarstjórakeppninni í Tókýó 1997 og ári síðar vann hún Rómönsk-amerísku hljómsveitarstjóra-keppnina í Santiago í Síle. Hún ásamt þremur öðrum var valin úr hópi 180 nema til að stjórna Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam eftir frábæra frammistöðu á Kirill Kondrashin-hljómsveitarstjóranámskeiðinu. Árið 2001 var hún útnefnd hljómsveitarstjóri ársins af tónlistargagnrýnendum í São Paulo og 2012 veittu Carlos Gomes-samtökin í Brasilíu henni sama vegsauka.

Ligia Amadio sá um gerð útvarpsþátta um tónlist og bókmenntir fyrir mennta- og menningamálaráðuneyti Brasilíu um nokkurra ára skeið en auk þess hefur hún stjórnað Þjóðarhljómsveit Brasilíu (UFF) og RTV-sinfóníuhljómsveitinni í Slóveníu ásamt fleirum á yfir tug geisla- og mynddíska.

---

### Tónlistin á Íslandi

*Á Þjóðlagahátíðinni á Siglufríði árið 2006 lék Sinfóníuhljómsveit unga fólksins undir stjórn Ligia Amadio. Columbine eftir Þorkel Sigurbjörnsson með Emilíu Rós Sigfúsdóttur í hlutverki einleikarans og Eldur eftir Jórunni Viðar voru meðal verka á efnisskránni.*



## Ástríður Alda Sigurðardóttir

einleikari

Ástríður Alda Sigurðardóttir hóf nám í píanóleik sex ára gömul hjá móður sinni, Guðrúnu Guðmundsdóttir. Vorið 1999 lauk hún einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Önnu Þorgrímsdóttur. Á árunum 2000–03 stundaði hún nám hjá Reiko Neriki við Indiana University – Jacobs School of Music í Bloomington, þaðan sem hún lauk Artist Diploma. Á námsárum sínum fékk hún tvívegis styrk úr minningarsjóði Birgis Einarssonar. Ástríður hefur sótt námskeið og einkatíma í píanóleik og kammertónlist hjá listamönnum á borð við György Sebök, Ludwig Hoffmann, János Starker, Jürgen Schröder og Olaf Dressler.

Ástríður hefur komið víða fram á tónleikum, ýmist sem einleikari eða með öðrum tónlistarmönnum, meðal annars á Listahátíð í Reykjavík, Reykjavík Midsummer Music og Tíbrá. Hún hefur leikið einleik með Internationales Jugendsinfonieorchester Elbe-Weser í Þýskalandi, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna og með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ástríður leikur með kammerhópnum Elektra Ensemble og tangósveitinni Fimm í tangó.

Árið 2010 gaf hún út sólóplötuna *Chopin* sem inniheldur fjórar ballöður tónskáldsins auk sönötunnar í b-moll. Einnig hafa komið út hljómplöturnar *Portrait* (2014) með Emilíu Rós Sigfúsdóttur flautuleikara, *Fimm í tangó* (2010) og *Aldarblik* (2007) með söngvurunum Eyjólfvi Eyjólfssyni og Ágústi Ólafssyni.



© Saga Sigurðardóttir

## Anna Þorvaldsdóttir

Dreymi

Náttúra  
eining  
flæði  
sýn  
hlýð  
eining  
Náttúra

„Veikur hljóðheimur fæðist af þögn, verkið verður til af hinu hljóða. Tónlistin er í einum þætti sem frá byrjun til enda myndar flæðandi hljóðheim. Hljómsveitarstjórinn verður hluti af hljómsveitinni þar sem hlutverk hans og „leikur“ er á ákveðnum stöðum ritaður til aðgreiningar frá reglulegum taktslætti. Eftir flæðandi samspil taka hljóðfæraleikararnir, hver og einn, smám saman við að leika einleik samtímis, sem myndar þannig samspil af einstaka þáttum. Hreyfingarlaus nærvera stjórnandans stýrir hljómsveitinni að lokum. Tilvist hans leiðir hljómsveitina og verkið inn í hið óendanlega. Tími er óþarfur. Hringrásin heldur áfram.

## Tónlistin á Íslandi

Dreymi var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands 14. janúar 2010 undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar. Auk Dreymis frumflutti Sinfóníuhljómsveit Íslands AERIALITY undir stjórn Ilans Volkov 2011 en verkið samdi Anna sérstaklega fyrir hljómsveitina. AERIALITY var hljóðritað með Sí og gefið út á hljómdiski með verkum Önnu Þorvaldsdóttur, nú í haust, hjá Deutsche Grammophon. Þetta er í fyrsta sinn sem upptaka með Sinfóníuhljómsveit Íslands kemur út hjá þessu virta fyrirtæki. Sí flutti einnig AERIALITY undir stjórn Volkovs á Nordic Cool-hátíðinni í Kennedy Center 2013.

Sá innblástur sem náttúran veitir er ekki í formi þess að vilja endurskapa þann hljóðheim eða þær myndir sem þar er að finna. Það má líta á innblásturinn sem ákveðna heimild til að endurspegla þau hlutföll og þá náttúrulegu framvindu sem fyrir augu eða eyru ber.

Í hverjum hljómi má finna hljóðaveröld þar sem hinar smáu hljóðeiningar leysast upp og skapa sinn eigin hljóðheim. Með því að beina hlustuninni að mismunandi eiginleikum hljóðsins má breyta upplifuninni frá einu andartaki til annars.

-uppögðvun-

Verkið var innblásið af og er tileinkað stórkostlegri náttúru Íslands, þeirrar fegurðar sem ég er svo lánsöm að hafa fengið að fæðast til.“

Anna Þorvaldsdóttir (1977) hlaut Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs 2012 fyrir verkið *Dreymi*, fyrst íslenskra kvenna og sú þriðja úr röðum kvenna í sögu verðlaunanna. Þema verðlaunanna 2012 var að þau skyldu veitt núlifandi tónskáldi. Engar reglur voru um tegund tónverksins en það yrði að „uppfylla listrænar kröfur og vera einstakt innan sinnar tegundar.“ Í rökstuðningi dómnefndar um verkið mátti meðal annars lesa: „*Dreymi* opnar veröld sinfóníunnar á óvenjulegan og nýskapandi hátt. Upphaf og lok verksins hljómar utan tíma og myndar hringrás sem minnir á norrænar goðsagnir og náttúru trú. Með tónlistinni er reynt að skapa reynslu sem fær tímenn til að hverfa – eins og í draumi.“

Anna hefur hlotið verðskuldaða athygli og margvíslegar viðurkenningar fyrir verk sín sem eru flutt reglulega á alþjóðlegum vettvangi. Hún lauk BA-gráðu í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Mistar Þorkeldsdóttur og Þorkels Sigurbjörnssonar og doktorsprófi frá University of California í San Diego í Bandaríkjunum. Anna notar ekki hljóðfæri þegar hún semur tónlist sína heldur teiknar hún skissur af tónverkunum og handskrifar nóturnar. Í verkum Önnu er hljóðheimurinn oft og tíðum víðfemur og fjölbreyttur og gjarnan innblásinn af framvindu og hlutföllum í náttúru og landslagi. Anna er með útgáfusamning við Deutsche Grammophon og Universal Music Classics, en verk hennar koma einnig út hjá bandaríska útgáfufyrirtækinu Sono Luminus og er von á nýjum diskum með verkum Önnu í lok ágúst 2015. Anna leggur þessa dagana lokahönd á vinnu við óperu sem verður frumflutt í Trier í Þýskalandi í september 2015 og í beinu framhaldi flutt á Ultima-hátíðinni í Osló og víðar. Á meðal tónsmíðapantana sem Anna mun skrifa á næstu árum eru verk fyrir Ensemble Intercontemporain, The International Contemporary Ensemble (ICE) og The Crossing Choir, Spektral Quartet og verk fyrir New York Philharmonic. Nýlega var tilkynnt að Anna hlýtur nú hin virtu Kravis Emerging Composer Prize sem veitt eru af Fílharmoníusveit New York-borgar annað hvert ár.

## Jórunn Viðar

Slátta



Jórunn Viðar (1918) lærði á píanó hjá Páli Ísólffssyni og Árna Kristjánssyni og lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík átján ára gömul. Á árunum 1937–1939 stundaði hún framhaldsnám í píanóleik við Hochschule für Musik í Berlín og 1943–1945 nam hún tónsmíðar við Juilliard-tónlistarskólann hjá Vittorio Giannini. Einnig fór hún tvisvar til námsdvalar í Vínarborg.

Að loknu framhaldsnámi varð Jórunn leiðandi tónskáld og píanóleikari í íslensku tónlistarlífi. Einleikstónleikar hennar í Austurbæjarbíói voru árviss viðburður og hún lék sjö sinnum einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, síðast árið 1977 þar sem hún frumflutti með hljómsveitinni píanó-konsertinn *Sláttu*. Jórunn samdi fyrst íslenskra tónskálda kvikmyndatónlist við myndina *Síðasti bærinn í dalnum* og fyrstu balletttónlistina, *Eld*.

Eftir Jórunni liggur ógrynni sönglaga. Hún starfaði við Söngskólann í um tuttugu ár og var náinn samstarfsmaður Þuríðar Pálsdóttur söngkonu en þær eru systradætur. Jafnframt sinnti Jórunn prófdómarastarfi við Tónlistarskólann í Reykjavík og var fyrst kvenna til að ganga í Tónskáldafélag Íslands en hún var eina konan í þeim félagsskap í um tvo áratugi.

Jórunn Viðar hefur margsinnis verið heiðruð fyrir störf sín í þágu tónlistar. Hún var sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu 1988, hlaut heiðurslaun Alþingis frá 1989, var Borgarlistarmaður Reykjavíkur 1999, hlaut heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2004 og Menningarverðlaun DV 2009.

---

## Tónlistin á Íslandi

Slátta heyrir nú á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í þriðja sinn. Jórunn Viðar frumflutti konsertinn með hljómsveitinni 1977 í Háskólabíói undir stjórn Russlans Raytscheff en í júnímánuði 1999 flutti Steinunn Birna Ragnarsdóttir konsertinn undir stjórn Petters Sundquist. Frá árinu 1976 hafa verk Jórunnar Viðar hljómað á tónleikum SÍ og má þar nefna, auk *Sláttu*, balletttónlistina *Eld* og söngperlurnar *Það á að gefa börnum brauð* og *Jól*. Árið 2003 hljóðritaði SÍ ballettsvítuna Ólaf Liljurós undir stjórn Pauls Philips fyrir geisladiskinn *Mansöng*. Hljómsveitarverkið *Eldur* verður á dagskrá SÍ á komandi hausti.



Jórunn fylgdi frumflutningnum á *Sláttu* úr hlaði með eftirfarandi texta í efnisskrá Sinfóníuhljómsveitarinnar 8. desember 1977:

„Mín upphaflega hugmynd var sú að semja verk sem sameinaði hefðbundið form píanókonerts minni frumstæðu íslensku hugsun.

Fyrsta stefið í fyrsta þætti er mjög einfalt, ber í sér hið einfalda lag stemmunar, en hleður brátt utan á sig.

Annað stefið er söngrænna, og síðan leik ég dálítið með taktskipti. Annar þáttur er hægur og syngjandi og þriðji þáttur er fjörugur vikivaki í rondóformi.

Ég hef gefið konsertinum nafnið SLÁTTA og er það dregið af að slá á streng, samanber hörpuslátt. Þetta er stærsta form sem ég hef ennþá ráðist í. Upphaflega var ráðgert að hafa konsertinn fyrir píanó og strengjasveit en ég bætti síðar við tveimur hornum, básúnu og sýlófón.

---

## Tónlistin á Íslandi

Auk *Sláttu* hefur Jórunn flutt með *Sí píanókonert K. 488 eftir Mozart undir stjórn Victors Urbancic (1951), píanókonert nr. 3 eftir Beethoven (1954) og píanókonert Schumanns op. 54 (1957) undir stjórn Olavs Kielland. Árið 1958 lék hún konsert K. 537 eftir Mozart undir stjórn Páls Ísólfssonar og undir stjórn Bohdans Wodiczko lék hún Grande polonaise op. 22 eftir Chopin en píanókonert hans nr. 1 lék hún undir stjórn Jindrichs Rohan í Háskólabíói (1962).*

Konsert þessi var saminn að frumkvæði stjórnar Tónskálda-sjóðs Ríkisútvarpsins og hlaut ég styrk úr þeim sjóði. Verkið er samið fyrir líðandi stund og það á að vera aðgengilegt fyrir alla. Hvað verður árið 2000 er ekki mitt vandamál. Það verða aðrir að leysa.“

## Amy Beach

Gelíska sinfónían



Amy Beach (1867–1944) naut mikilla vinsælda sem píanóleikari og tónskáld í Bandaríkjunum. Ferill hennar var gríðarlega farsæll og sýndi hún einstaka tónlistarhæfileika allt frá bernsku. Beach fór ótroðnar slóðir en hún var fyrsta bandaríska konan til að semja sinfóníu og fá hana útgefna. Það var *Gelíska sinfónían*. Auk hennar liggja eftir Beach messa, kantötur, píanókoncert, ópera, fjöldi kammerverka og sönglaga. Þetta er öllu merkilegra í því ljósi að Beach var sjálfnuma í tónsmíðum en fékk kennslu í hljómfraeði og kontrapunkti í eitt ár.

Þegar foreldrar hennar leituðu til Wilhelms Gericke, nýráðins hljómsveitarstjóra Boston-sinfóníuhljómsveitarinnar, vegna næstu skrefa í menntun og þroska dótturinnar, þá rálagði hann foreldrunum að stúlkan skyldi nema tónsmíðar og hljómsveitarútsetningu sjálf, af verkum meistaranna. Svarið sem slíkt endurspegladi ríkjandi viðhorf í garð kvenna á þessum tíma – þær ættu lítið erindi inn á þetta karlheilaga svið. Frá 16 ára aldri kom Beach fram sem konsertpíanisti og var ausin hrósi fyrir næmi og frábæra tækni. Í marsmánuði 1885 lék hún í fyrsta sinn með Boston-sinfóníuhljómsveitinni en síðar sama ár giftist hún Henry Beach skurðlækni og miklum tónlistaráhugamanni sem var 25 árum eldri en hún. Eiginmaðurinn vildi helst ekki að hún kæmi fram opinberlega þar sem slíkt hæfði ekki svo vel stæðri konu – en hann hafði ekkert á móti því að hún sæti heima og semdi tónlist.

---

### Tónlistin á Íslandi

*Gelíska sinfónían er fyrsta verkið eftir Amy Beach sem hljómar á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.*

*Blásarakvintett Reykjavíkur gaf út hljómdisk í samstarfi við Chandos-útgáfuna árið 1993 með amerískum verkum. Á þeim disk er að finna Pastorale eftir Amy Beach.*

Beach hóf að semja *Gelísku sinfóníuna* í janúar 1894 og lauk við smíði hennar á vordögum 1896, þá tæplega þrítug að aldri. Sinfónían er hennar stærsta og víðamesta verk, innblásið af gelískum þjóðlögum úr safni frá 1841. Beach sagði sjálf um tilurð sinfóníunnar: „Megnið af stefjafninu eru tilvitnanir í gelísk þjóðlög sem hafa heillað mig í einfaldleika sínum og tilgerðarleysi þannig að ég reyndi að þróa og fanga stemningu þeirra í sinfónískt form. Útkoman varð *Gelíska sinfónían*. Það stefjafni sem hins vegar á ekki rætur í þjóðlagaarfinum samdi ég í sama stíl og anda og þjóðlögin.“

Sinfónían var frumflutt í október 1896 af Boston-sinfóníunni og næstu tvo áratugi var hún á dagskrá í ýmsum stórborgum, m.a. New York, Chicago, Fíladelfíu, San Francisco, Leipzig og Hamborg.

Hvarvetna tóku áheyrendur sinfóníunni vel en viðbrögð menningarpáfa og skríbenta voru blendin. Tónskáldið var ekki dæmt út frá hæfni eða fagurfræði heldur út frá staðalímynd, hvernig kvenkyns tónskáld „átti“ að semja og þar voru stóru verkin vissulega fyrir utan garð. Það sem einhverjum þótti kraftmikið, þroskað og karlmannlegt í *Gelísku sinfóníunni* og sýndi að tónskáldið væri laust úr stöðluðum kynbundnum fjötrum í tónsköpun sinni þótti öðrum „gervikarlmennska“ eða „sýndarmennska“.

Amy Beach átti í viðskiptasambandi við A.P. Schmidt útgefanda sem lagði áherslu á að gefa út ameríska tónlist, ekki síst eftir konur. Beach var fyrsta ameríska konan sem samdi með frábærum árangri í stærri tónlistarformum og sjálf sagði hún: „Ég elska að vinna að stórum tónlistarformum þau eru allt eins auðveld ef ekki auðveldari fyrir mig en þau sem eru smærri.“ Árið 1924 stofnaði hún í félagi við aðra Samtök kventónskálda í Ameríku og var fyrsti forseti þeirra.

Við fráfall Amy Beach höfðu öll stærri verk hennar verið gefin út fyrir utan tvö; strengjakvartett og óperu sem getur talist til afreka hjá hvaða bandaríska tónskáldi sem er. Beach hafði hlotið margar viðurkenningar fyrir framlag sitt til amerískrar tónlistar þegar hún lést 1944, 77 ára að aldri. Beach samdi til dauðadags en tónleikasviðið, sem hún endurnýjaði kynni sín við eftir fráfall eiginmannsins, yfirgaf hún nokkru fyrir vegna þverrandi heilsu.

*Hjördís Ástráðsdóttir*

## Nærmynd

Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari



Þegar fræðslustjóri bað mig í tilefni 100 ára kosningaafmælis íslenskra kvenna að segja frá kvenskörungum í minni fjölskyldu, langömmu minni Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og afasystur minni Laufeyju Valdimarsdóttur og hvernig þær hefðu verið mér fyrirmyndir og hvatning, fannst mér það fráleit hugmynd.

Ég var heppin, fékk að læra á fiðlu eins og mig langaði til þegar ég var stelpa. Hljóðfæri sem heillaði mig umfram önnur, sem beinlínis er faðmað þegar spilað er á það, hefur dýrðlegan hljóm, óteljandi möguleika, en er fyrst og síðast persónulegt. Fiðlan hefur verið mér ævifylgja, leið til að losna við einmanakenndina. Á eigin skinni hef ég kynnst heimsins fegurstu tónlist; Bach-svítum, Mozart-óperum, tónlist Bartóks, að ógleymdri samtímatónlistinni sem gefur byr í seglin og frelsar undan hundleiðinlegri ánaud hefðarinnar. Hvernig get ég verið annað en þakklát? Ekki fékk langamma mín Bríet að stunda tónlistarnám, en Laufey afasystir mín spilaði vel á píanó. Sannarlega var píanóleikur hennar ekki hvati til að mig langaði að spila, og því miður get ég ekki miklað mig af því að með sínu mikilvæga framlagi til betra mannlífs hafi þær orðið mér fyrirmynd til að standa mig vel. Í fiðluleik er aldrei neitt nógu vel gert, endalaust hægt að betrubæta, verkinu lýkur aldrei. Algerlega ómeðvitað hef ég þó fengið eitthvað í arf. Eða hvaða augum skyldu þær mæðgur líta á hina margendurteknu tuggu um launamisréttið? Af hverju er myndlist kvenna að jafnaði metin lægra í peningum en karla, og getur verið að þægilegra sé fyrir ríkisvaldið að réttlæta lág laun tónlistarfólks sökum þess hve margar konur eru innan þeirrar listgreinar?

Fræðslustjóri spyr hvað ég væri ef ekki fiðluleikari.

Svar: Skógarmaður á Hallormsstað, brúðuleikari, skáldsagna-höfundur, sirkuslistamaður.

## Nærmynd

Lovísa Fjeldsted sellóleikari



Ég er fædd og uppalin í miðbæ Reykjavíkur. Á heimili mínu átti tónlistin traustan sess. Móðir mín, Jórunn Viðar, píanóleikari og tónskáld, auðgaði heimilisandann með sínu músíkalska næmi. Verkefnavalið var fjölbreytt. Þar mátti heyra konserta og sönötur eftir Beethoven, Schumann og Chopin auk fjölda annarra höfundu. Síðast en ekki síst ríkti þar hennar eigin sérstaki tónheimur, samofinn andrúmsloftinu, eins og hann hefði alltaf verið til.

Margir frábærir listamenn komu heim á Laufásveg og æfðu með tónskáldinu. Þá var kjörið fyrir barn að hringa sig bak við stól í stofuhorni og hlusta.

Hafi tónlistargyðjan reynt að vekja mig til vitundar um að fara sjálf út á tónlistarbrautina, heyrði ég ekki til hennar lengi vel. Ég gutlaði eitthvað á selló frá 12 ára aldri og sótti einkatíma hjá Einari Vigfússyni í næstu götu. Ég æfði mig helst aldrei nema ég fengi konsertpíanista og/eða tónskáld til þess að annast undirleik. Mig skorti alveg það aðhald og félagsskap sem fæst í tónlistarskóla.

Að loknu stúdentsprófi hóf ég loks nám við Tónlistarskólann í Reykjavík. Þar fékk ég nægan meðleik, kammermúsík og hljómsveit – og þar með var lífið í lit! Framhaldsnám stundaði ég í Bandaríkjunum. Á tónlistarbrautinni voru ýmsar beygjur, ein svo kröpp að sellóið lenti úti í horni í nokkur ár.

Fyrir tilviljun tók ég áskorun Péturs Þorvaldssonar, sellóleikara, og tók hæfnispróf hjá hljómsveitinni með sex vikna fyrirvara. Það var ekki auðhlaupið, en hafðist!

Nú hef ég verið fastráðin hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands í 26 ár.

Lífið er enn í öllum regnbogans litum og heil hljómsveit til að spila með dag eftir dag!

# Hljómsveit á tónleikum

11. júní 2015

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Zbigniew Dubik  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Martin Frewer  
Bryndís Pálsdóttir  
Mark Reedman  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir

## 2. FIÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Gunnhildur Daðadóttir  
Christian Diethard  
Dóra Björgvinsdóttir  
Þórdís Stross  
Kristján Matthíasson  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Roland Hartwell  
Greta Guðnadóttir  
Kristín Björg Ragnarsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir

## VIÓLA

Svava Bernharðsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Kathryn Harrison  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Vigdís Másdóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Sarah Buckley

## SELLÓ

Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Júlía Mogensen  
Margrét Árnadóttir  
Inga Rós Ingólfsdóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Þórir Jóhannsson  
Borgar Magnason

## FLAUTA

Martial Nardeau  
Hafðís Vigfúsdóttir  
Emilía Rós Sigfúsdóttir

## ÓBÓ

Matthías Nardeau  
Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Einar Jóhannesson  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Brjánn Ingason  
Darri Mikaelsson  
Rúnar Vilbergsson

## HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jólsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley

## CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Grímur Grimsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Margrét Ása Jóhannsdóttir nótna- og skjalavörður  
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Greipur Gíslason verkefnastjóri  
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri  
Valgerður Árnadóttir umsjónarmaður



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

**Sigrún:** Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Áskrift að snilld

Endurnýjun áskriftar- og Regnbogakorta á tónleika starfsársins 2015/16 hefst 10. júní. Hægt er að endurnýja og kaupa ný áskriftarkort í miðasölu Hörpu og í síma 528 5050.

Með áskrift tryggir þú öruggt sæti og ríflegan afslátt á tónleika - og ógleymanlega upplifun.

Almenn miðasala hefst 16. júní.

Kynntu þér litríka og metnaðarfulla dagskrá næsta starfsárs á [sinfonia.is](http://sinfonia.is).

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**